



Í þessu húsi verður lita nýja ölbúð ÁTVR.
Teygissvið Ásta Björnsdóttir

Bjórinn verður geymdur í kjallara nýja ÁTVR-hússins í Árbænum:

ÁTVR OPNAR ÖLBÚÐ Í ÁRBÆJARHVERFI

Íðnaðarmenn vinna nú hörðum höndum að því að koma nýju húsi Áfengis og tóbaksverslunar ríkisins, við Stuðlaháls í Árbæjarhverfi, undir þak.

Að sögn Höskuldar Jónssonar, forstjóra Áfengisverslunarinnar, er ætlunin að flytja höfuðstöðvar hennar með tíð og tíma úr Borgartúni 7 upp í nýja húsið við Stuðlaháls.

Hann segir ekki ljóst hvenær unnt verður að flytja í skrifstofuhluta byggingarinnar, á efri hæð, en stefnt sé að því að taka kjallara byggingarinnar í notkun fyrir 1. mars nk., þegar bjórsala verður heimiluð hér á landi.

Helmingur kjallara byggingarinnar, um 700 fermetrar, verður nýttur undir bjórlager en hinn helmingur-

inn fyrir tóbakslager ÁTVR.

Höskuldur Jónsson segir að auk lagersins sé fyrirhugað að opna sérstaka bjórverslun í byggingunni þar sem Jón Jónsson af götunni geti lagt leið sína og keypt öl. „Ætlunin er að hafa þessa verslun opna í a.m.k. nokkra mánuði á meðan séð verður hversu mikil bjórsalan verður,“ segir Höskuldur.

Ekki er enn ráðið á hvaða verði bjórinn verður seldur eða hvaða bjórtegundir verða í boði. Forstjóri ÁTVR segir að þetta muni væntanlega ekki skýrast fyrr en á næsta ári. Að hans sögn er heldur ekki komið á hreint hvernig verður háttáð dreifingu á bjór til veitingahúsa og kráa. Forráðamenn veitingahúsa hafa lýst áhuga á að bjóða upp á svokallaðan

tunnubjór, en að sögn Höskuldar Jónssonar er ekki ráðið hvort og þá hvernig dreifingu á slíkum bjór yrði háttáð. Til greina kemur að dreifa 50 l tunnum til veitingahúsa, sem síðan dæla úr þeim beint á ölkollur. Tunnunum yrði síðan komið aftur til framleiðanda til átöppunar. Einnig segir Höskuldur möguleika á því að nota einnota 5-10l flát í þessu skyni.

óþ!

Forsíðufrétt Tímans varð að heimsfrétt!

Það er ekki ofsögum sagt að forsíðufrétt Tímans í gær um þá stórmerkilegu „handanheimsskák“ Viktors Kortsnojs og Geza Maroczys, hafi vakið verðskuldaða athygli, ekki bara hér á Fróni, heldur einnig

úti í hinum stóra heimi.

Reuter-fréttastofan, sem hefur eina mestu útbreiðslu fréttastofa í heiminum, brá skjótt við og miðlaði frétt Tímans um heim allan í gær. Fréttasending Reuter birtist á skjám

og prenturum blaða og ljósvakamiðla kl. 15.08 að íslenskum tíma. Um 10 mínútum síðar byrjaði heldur betur að klingja í símakerfi Tímans á Lynghálsi. Fréttamenn frá stórum sem smáum, amerískum sem evrópskum fjölmiðlum hringdu til Tímans og vildu fá nánari upplýsingar um viðtal blaðamanns við Viktor Kortsnoj.

Einna þekktastur þeirra fjölmiðla, sem leitugu upplýsinga um þetta mál í gær, var útvarp British Broadcasting Corporation (BBC). Fréttamaður BBC átti 6 mínútna viðtal við Óskar Þór Halldórsson blaðamann um viðtal hans við Viktor Kortsnoj, m.a. um tildrög þess og skoðun Kortsnojs á framhaldslífi. Þetta viðtal var sent út í beinni útsendingu BBC.

ES



Þeir félagar Óskar Þór Halldórsson, blaðamaður Tímans, og skáksníllingurinn Viktor Kortsnoj ræða nýjustu tíðindin að handan!

05-1508 CHESS-KORCHNOI
CHESS MASTER PLAYS GAME WITH DEAD CHAMPION THROUGH MEDIUM
REUTERS, Oct 5, Reuter - Soviet ex-chess star Viktor Korchnoi says he is winning in a long-running game against a grandmaster who died 37 years ago.

Korchnoi told the Icelandic newspaper Tíminn that he had been playing Hungarian Geza Maroczy through a medium since 1984. "I was asked to do this and the reason that I accepted was very simple," Korchnoi was quoted as saying. "I believe in life after death."

Korchnoi, now a Swiss national, is in Iceland playing against 17 live opponents in a 100,000-dollar tournament. Tíminn said Korchnoi would like to match his skills against such chess legends as Raoul Capablanca. But Capablanca could not be reached in the afterlife.

The paper said the match against Maroczy, one the world's

Skýti frá Reuter, er sent var um allan heim, þar sem greint var frá „handanheimsskákinni“.